

Nd.

564. Nefndarátt

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjuförðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. og þau skjöl, sem þar að lúta, og er á einu máli um að leggja það til við hv. deild, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar. Aðalástæða nefndarinnar fyrir þessu er sú, að rikissjóður á lóðir í allmörgum kaптúnunum á landinu og kaupstöðum, og þykir því rjett, áður en nokkuð af slíkum eignum er selt, að athugað sje í heild, hvort rjett sje að selja þær, því að ef ein slík eign er seld, liggur nærri að ætla, að eins verði farið með aðrar slíkar eignir, ef um kaup er beðið af kaптúnunum sjálfum. Þessar eignir rikissjóðs eru margar allverðmætar, og er því í þessu efni eigi um óverulegt fjárhagsatriði að ræða.

Því verður og eigi neitað, að nokkuð brestur á góðan undirbúning þessa máls; þannig vantar t. d. umsögn kirkjustjórnarinnar og nákvæma skýrslu um lóðargjöld af Siglufirði m. m.

Það sjest og eigi, að það geti skift Sigluförð nokkru, þótt þetta mál dragist til næsta þings, sjerstaklega þar sem bærinn hefir Leyning til nytja.

Ef stjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að selja eignir þessar, gerir nefndin ráð fyrir, að hún leggi fyrir næsta þing frv. um það.
Samkvæmt þessu leggur nefndin til
að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari, framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.